

**Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

20. febrúar 2003
Skjalanúmer: 110-0
Tilvísun: U20030200065/kg

**Frumvörp til laga um Orkustofnun, 544. mál, heildarlög og Íslenskar
orkurannsóknir, 545. mál**

Vísað er til erinda iðnaðarnefndar, dags. 5. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvörp til laga um Orkustofnun, 544. mál, heildarlög og Íslenskar orkurannsóknir, 545. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs.

Íslenskar orkurannsóknir, 545. mál.

Umhverfisstofnun telur að orðalag 2. gr. sé misvísandi þar sem tilgreint er það hlutverk Íslenskra orkurannsókna að vinna að verkefnum á sviði náttúrufars. Að mati stofnunarinnar er meginhlutverk stöðvarinnar orkurannsóknir og tengd málefni. Stofnunin leggur því til að 2. gr. verði breytt, t.d. á eftirfarandi veg:

„Hlutverk Íslenskra orkurannsókna er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.“

Í reglugerð, sbr. 7. gr. verði síðan nánar afmarkað hvernig framangreindum rannsóknum verður háttað, t.d. með náttúrufarsrannsóknum o.fl.

Orkustofnun, 544. mál

Umhverfisstofnun bendir á að eftirlit Orkustofnunar, sbr. 6. tl. 2. gr. frumvarpsins lýtur eingöngu að þeim leyfum sem iðnaðarráðherra veitir. Eftirlit með framkvæmdum þeim tengdum eru á sviði Umhverfisstofnunar, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum, sbr. 6. gr. laga nr. 44/1999, með síðari breytingum, og eftirlit með ýmissi starfsleyfisskyldri starfsemi s.s. jarðborunum og orkuverum er á verksviði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga skv. lögum nr. 7/1998, með síðari breytingum. Orðalag frumvarpsins er misvísandi hvað þetta varðar þar sem skilja má að framangreint eftirlit verði á höndum Orkustofnunar.

Umhverfisstofnun óskar því eftir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 6. tl. 2. gr.:

„Að fylgjast í umboði ráðherra með framkvæmd opinberra leyfa sem ráðherra hefur gefið út til rannsókna og nýtingar jarðrænna auðlinda og reksturs orkuvera, og annarra meiri háttar orkumannvirkja.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvörpin.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður